



Náttúruverndarstofnun

Helga Árnadóttir

Austurvegi 4

860 Hvolsvöllur

Garðabær, 12.8.2025

Málsnúmer: 202506-0002

IAS

Efni: Viðauki við stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs er varðar Hoffellslambatungur

Vísað er til erindis Náttúruverndarstofnunar frá 2. júní 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um breytingartillögu á stjórnunar og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs er varðar Hoffellslambatungur.

„Við stækkun þjóðgarðsins er heimilt að gera viðauka við stjórnunar- og verndaráætlun með lýsingu á mörkum og náttúru og ákvæðum um stjórnun og vernd hins nýja svæðis, án þess að öll áætlunin sé tekin til endurskoðunar. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum 4.–6. mgr. Sameina skal viðaukann við stjórnunar- og verndaráætlun við næstu endurskoðun hennar.“

Svæðisráð suðursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs hefur gert tillögu að viðauka við stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins í framhaldi af stækkun hans um Hoffellslambatungur í Sveitarfélaginu Hornafirði, með breytingu 840/2021, 16. júlí 2021, á reglugerð nr. 300, 4. apríl 2020, síðast breytt 8. október 2021, ásamt forsendum tillögunnar.

Viðaukinn skiptist í þrjá hluta: (I) Inngang, (II) svæðislýsingu og forsendur verndar og (III) tillögu svæðisráðs að breytingum á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir hið nýja svæði.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér viðaukann og gerir ekki athugasemdir við hann. Ekki er verið að gera neinar breytingar á nýtingu eða innviðum svæðisins eftir stækkun þjóðgarðsins. Ánægjulegt er að Hoffellslambatungur séu nú hluti af Vatnajökulspjóðgarði og að eini fundarstaður jarðbiks á Íslandi sé þar með verndaður.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson,
jarðfræðingur